



Innviðaráðuneytið
Skrifstofa sveitarfélaga og byggðamála
Sölvhólsögötu 7
101 Reykjavík

irn@irn.is

Borg, 30. mars 2023

Efni: Umsögn Grímsnes- og Grafningshrepps um tillögur að breytingum á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga

Innviðaráðuneytið birti drög að frumvarpi til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga á samráðsgátt stjórnvalda 10. mars sl. og veitti jafnframt frest til og með 30. mars til að skila umsögn um tillögurnar.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps gerir verulegar athugasemdir við þá endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem frumvarpsdrögin fela í sér. Núgildandi kerfi hefur bitnað á sveitarfélaginu og því stóðu vonir til þess að breyting yrði þar á með nýju frumvarpi.

Í 1. grein frumvarps til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga segir að hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sé að jafna mismunandi útgjaldabörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum á grundvelli ákvæða laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi sjóðsins. Þá greiði sjóðurinn önnur framlög til sveitarfélaga, samtaka og stofnana þeirra og til annarra aðila í samræmi við ákvæði laga.

Öll sveitarfélög landsins þurfa að sinna ákveðnum lögskyldum verkefnum við misjafnar aðstæður en líklega eru allir kjörnir fulltrúar að vinna að því sama, þ.e. að veita ásættanlega þjónustu til íbúa og gera sitt sveitarfélag að góðum búsetukosti fyrir núverandi íbúa og framtíðar íbúa. Það er í höndum stjórnvalda að að ákveða hvað telst til lögskyldra verkefna og þeim verkefnum hefur ekki fækkað á undanförunum árum og kröfur til hvers og eins verkefnis frekar aukist heldur en hitt með tilheyrandi kostnaðarauka. Innviðaráðherra talar um orðið búsetufrelsi og segir í grænbók um sveitarstjórnarmál að lífsgæði fólks séu ekki síst fólgin í því að það geti búið sér heimili þar sem það helst kýs, í því búsetuformi sem því hentar og njóti sambærilegra umhverfisgæða, innviða og opinberrar þjónustu hvar á landinu sem er. Í sömu grænbók er sagt að meðal lykilviðfangsefna sé að skilgreina þurfi viðmið um grunnþjónustu og búsetuskilyrði og óháð búsetu og leggja á árarar með öðrum áætlunum um að ná árangri í að bæta þjónustu og búsetuskilyrði. Miðað við þær umsagnir sem skilað hefur verið inn í samráðsgáttina þegar þessi umsögn er rituð er frekar verið að ýta undir minnkun á þjónustu hjá sumum sveitarfélögum og þar með fara gegn því sem Innviðaráðherra vill ná fram fyrir sveitarfélögin í landinu.



Grímsnes- og Grafningshreppur er eitt þeirra sveitarfélaga sem ekki fékk framlag úr Jöfnunarsjóði fyrir endurskoðunina og fær heldur ekki framlag ef breytingarnar ganga eftir.

Frumvarpsdrögin gera m.a. ráð fyrir því að svonefnt fasteignaskattsframlag skv. d-lið 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga falli niður. Tilgangur framlagsins hefur verið að jafna tekjutap sem sveitarfélög á landsbyggðinni þar sem álagningarhlutfall fasteignaskatta er lægra en t.d. á höfuðborgarsvæðinu. Ef framlagið er fellt niður er fyrirséð að umrædd tillaga muni hafa talsverð áhrif á úthlutanir til sveitarfélaga á landsbyggðinni, sérstaklega þar sem þéttbýli er lítið eins og í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Þá verður ekki betur séð en að tekjur vegna frístundahúsa séu ofmetnar í frumvarpsdrögum. Þetta veldur því að Grímsnes- og Grafningshrepps fær engar greiðslur úr Jöfnunarsjóði vegna tekna sem sveitarfélagið nýtur í formi fasteignaskatta. Þannig virðist ekkert tillit tekið til þess mikla kostnaðar sem leggst á sveitarfélög þar sem eru stórar frístundabyggðir. Í Grímsnes- og Grafningshreppi eru t.a.m. afar vinsæl frístundasvæði með rúmlega 3.000 frístundahúsum (sumarbústöðum) en til samanburðar eru íbúar sveitarfélagsins um 550 talsins. Sveitarfélagið verður því að standa undir verulegum kostnaði, til dæmis vegna bruna- og almannavarna, vatnsöflunar og hreinlætismála. Hér má einnig nefna mikinn kostnað og umstang vegna skipulags- og byggingarmála á frístundasvæðum. Eins og gefur að skilja er stór hluti af þeim tekjum sem sveitarfélagið nýtur í formi fasteignaskatta frá frístundahúsum nýttur í slíka nauðsynlega þjónustu. Hvað varðar brunavarnir má sérstaklega nefna að vinsælustu frístundasvæði sveitarfélagsins eru orðin afar gróin, sem veldur því að mikil hætta getur skapast ef eldur breiðist út um svæðið. Af þeim sökum eru mikil ábyrgð lögð á herðar sveitarfélagsins vegna brunavarna. Engin rök standa því til þess að skerða framlögin úr Jöfnunarsjóði vegna þeirra tekna sem stafa frá fasteignasköttum.

Grímsnes- og Grafningshreppur hefur líkt og Vestmannaeyjabær nefnir sérstaklega, nýtt tekjustofninn vel. Ekki hefur verið brugðið á það ráð að hækka álagningarhlutfall fasteignaskatts til að fá hærra fasteignaskattsframlag. Þvert á móti lækkaði Grímsnes- og Grafningshreppur líkt og Vestmannaeyjabær álagningarhlutfall fasteignaskatt með hækkandi fasteignamati í samræmi við hvatningu stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um að halda álögum á skattgreiðendum og fasteignaeigendum í þessu tilviki í lágmarki.

Grímsnes- og Grafningshreppur tekur einnig undir með Vestmannaeyjabæ með eftirfarandi atriði: “Í tillögum starfshópsins kemur fram að nýti sveitarfélög ekki útsvarshlutfall að fullu komi til skerðingar á framlögum úr Jöfnunarsjóði sem nemi vannýttum útsvarstekjum, þ.e. mismuni á útsvari miðað við hámarksálagningu og útsvari miðað við álagningarhlutfall sveitarfélags. Með þessum tillögum er starfshópurinn og stjórnvöld að hvetja sveitarfélög til skattahækkana íbúa þeirra sveitarfélaga sem tekist hefur með góðri fjármálastjórnun og hagræðingu að halda álögum í lágmarki.“ Með þessum tillögum er verið að fara gegn sjálfsákvörðunarrétti sveitarstjórna til ákvörðunar útsvars í samræmi við heimildir í 1. mgr. 23. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, sbr. einnig 1. mgr. 24. gr. laganna. Í lögum kemur skýrt fram að það er á valdi hvernar sveitarstjórnar að ákvarða álagningarhlutfall útsvars innan ákveðinna marka og hefur sú ákvörðun engin áhrif á hlutdeild Jöfnunarsjóðs af útsvarsgreiðslum íbúa viðkomandi sveitarfélags.

Rætt er um að með endurskoðuninni sé verið að stuðla að fjárhagslegum hvötum til sameiningar en það er ekki raunin hjá Grímsnes- og Grafningshreppi. Vísað er í umsögn



Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Bláskógabyggðar um sameiningarhvata en miðað við núverandi reglur jöfnunarsjóðs fá sveitarfélögin fjögur í Uppsveitum Árnessýslu, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppur framlög upp á 335 milljónir króna, en sameinuð í nýju regluverki jöfnunarsjóðs myndi framlagið minnka um 100% og verða 0 krónur. Má þar áætla að það sé vegna útreikninga Jöfnunarsjóðsins vegna Grímsnes- og Grafningshrepps og má út frá því einnig áætla að það sé ekki sameiningarhvati hjá nágrennasveitarfélögum til að sameinast slíku sveitarfélagi. Vissulega á Jöfnunarsjóður ekki að vera verkfæri til að þvinga til sameininga sveitarfélaga en það er einnig slæmt ef hann verður til þess að sameiningar verði ekki fýsilegar sé litið til framtíðar.

Að auki leggur Grímsnes- og Grafningshreppur áherslu á að tryggt verði að framlög úr Jöfnunarsjóði skerðist ekki vegna málefna fatlaðs fólks, þ.m.t. vegna akstursþjónustu. Rétt er að minna á mikilvægi þess að sveitarfélög njóti stuðnings vegna þeirrar þjónustu sem þau veita fötluðu fólki og hann verði í það minnsta ekki rýrður frá því sem nú er. Þetta snertir Grímsnes- og Grafningshrepp nokkuð enda eru Sólheimar innan sveitarfélagsins og þar með eru 8,2% íbúa sveitarfélagsins fatlað fólk.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps er reiðubúin að fara nánar yfir framangreind atriði með ráðuneytinu og einnig ræða önnur mál er varða áhrif frumvarpsins á sveitarfélagið. Vænst er góðrar samvinnu í þessum efnunum.

Virðingarfyllst,
f.h. sveitarstjórnar



SVEITARSTJÓRI
GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPS

Jóna Marsibil Jónsdóttir, sveitarstjóri